



Borgarráð

Reykjavík, 22. júlí 2025
MSS25070028

Starfshópur samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls

Hjálagt erindisbréf starfshóps samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls sem kynnt var á fundi borgarráðs þann 10. júlí sl. er hér lagt aftur fram til kynningar með breyttum starfstíma. Starfshópurinn skal skila ábyrgðaraðila skýrslu um störf sín eigi síðar en 1. maí 2026.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Erindisbréf starfshóps samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafls ásamt hjálögðum gögnum.



Reykjavík, 8. júlí 2025

MSS25070028

ERINDISBRÉF

Starfshópur samvinnuvettvangs til höfuðs misnotkunar vinnuafis

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 1. október 2024 var samþykkt að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalýðshreyfingunni til að vinna saman gegn því að brotið sé gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurborg kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðiskeðjunni. Fyrir liggur umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs dags. 25. nóv. 2024 um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis sem lögð var fyrir borgarráð. Jafnframt liggur fyrir umsögn innkaupa- og framkvæmdaráðs um málið sem lögð var fyrir fund ráðsins 22. maí sl.

Hlutverk:

Að aðilar samráðs- og samvinnuvettvangsins eigi reglubundið samtal, miðli upplýsingum og eigi samvinnu sem stuðli að betra eftirliti með því að launafólk sé ekki hlunnfarið í viðskiptum Reykjavíkurborgar. Þannig fá bæði Reykjavíkurborg og verkalýðshreyfingin betri yfirsýn yfir möguleg vinnuréttar- og kjarasamningsbrot gagnvart launafólki á almennum markaði í samningnum Reykjavíkurborgar og geti þá brugðist tímanlega við með viðeigandi hætti. Einnig muni hópurinn vinna að betra samningseftirliti gegnum gagnkvæma upplýsingagjöf og mögulegt samstarf aðilanna um vinnustaðaeftirlit. Miðað er við að starfshópurinn fundi fjórum sinnum á ári.

Starfshópurinn skipa:

Halla Björg Evans, lögfræðingur, skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar, formaður

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri á umhverfis- og skipulagssviði

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur hjá ASÍ

Kristjana Fenger, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits ASÍ

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn boði eftir þörfum starfsfólk Reykjavíkurborgar á fund sem og starfsfólki einstakra stéttarfélaganna sem semja á almennum markaði óháð því hvort þau séu aðilar ASÍ eða ekki. Fulltrúar starfshópsins taki við erindum frá verkalýðshreyfingunni og starfsfólki borgarinnar, og setji mál þau sem heyra undir ábyrgðarsvið hans á dagskrá hópsins.



Reykjavík

**Starfstímabil og skil:**

Starfshópurinn skal skila ábyrgðaraðila skýrslu um störf sín eigi síðar en 1. maí 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn innkaupa- og framkvæmdaráðs dags. 19. júní 2025 um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis.

Útskrift úr fundargerð borgarstjórnar dags. 30.9.2024.

Umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs dags. 25. nóv. 2024 um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis.

**Reykjavík**



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Reykjavík, 19.júní 2025

MSS24090173

UMSÖGN

Umsögn innkaupa- og framkvæmdaráðs um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafls.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi tillögu um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafls á fundi borgarstjórnar 1. október sl.:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalýðshreyfingunni sem hittist með reglulegu millibili, til dæmis mánaðarlega. Tilgangur hans væri að vinna saman gegn því að komist sé upp með brot gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem borgin kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðiskeðjunni. Hann væri skipaður fulltrúum þeirra stéttarfélaga sem semja um þau störf sem um ræðir, eða í þeim tilfellum sem félögin sjálf óska eftir því, heildarsamtaka sem félag veitir umboð til setu á fundum fyrir þeirra hönd. Skrifstofu borgarstjórnar væri falið að tilnefna fulltrúa Reykjavíkurborgar í samstarfið.

Greinargerð

Brot á vinnumarkaði eru útbreidd í ýmsum starfsgreinum, en umfang þeirra er enn nokkuð órætt og erfitt hefur reynst að ná utan um umfangið og vinna skipulega gegn þeim. Opinberir aðilar eru berskjaldaðir fyrir því að styðja við brot gegn vinnuafli þar sem þau eru fyrst og fremst kostnaðar-/hagnaðardrifin, en rík skylda er á hinu opinbera að taka lægstu tilboðum í verk. Má ganga að því sem vísu að líkur á brotastarfsemi séu yfir meðallagi í tilfelli lægstu tilboða.

Með tilkomu laga um keðjuábyrgð færðist ríkari ábyrgð á hið opinbera sem verkkaupa en þó hafa opinberir aðilar oft litla yfirsýn neðar í keðjuna. Sömuleiðis hefur reynst erfitt fyrir stéttarfélögin að hafa eftirlit með því sjálf hvort félagsmaður sem til þeirra leitar vegna kjarasamningsbrota sé staddur í keðju sem opinber aðili á að bera ábyrgð á samkvæmt lögum um keðjuábyrgð, og tilkynna brotin til og virkja þann aðila ef ástæða þykir til þess. Því er það tillaga sósíalista að höfðu samráði við starfsfólk lögfræði- og vinnumarkaðssviðs Alþýðusambandsins og fleiri aðila verkalýðshreyfingarinnar að Reykjavíkurborg stofni vettvang þar sem getur átt sér stað reglubundið samtal, upplýsingamiðlun og samvinna um mótun ferla sem myndu stuðla að betra eftirliti með því að launafólk sé ekki hlunnfarið í viðskiptum Reykjavíkurborgar.



Reykjavík



Umsögn Innkaupa- og framkvæmdaráðs:

Óskað var eftir umsögn innkaupa- og framkvæmdaráðs sl. 9. maí og var erindið lagt fyrir 164. fund Innkaupa- og framkvæmdaráðs, dags. 22. maí 2025:

Innkaupa- og framkvæmdaráð fagnar tillögunni og telur hana vera mikilvægt skref í þá átt að ákvæði 88. gr. a. laga um opinber innkaup, um keðjuábyrgð, virki sem skyldi. Með því að lýsa betur virðisikeðjunni við innkaup Reykjavíkurborgar er borginni betur gert kleift að virkja hana þegar við á. Opinberir aðilar, líkt og Reykjavíkurborg, geta verið berskjaldaðir fyrir brotum á vinnumarkaði í opinberum samningum sér í lagi þegar um er að ræða vinnuframlag verkafólks í þeim geirum sem brotastarfsemi á vinnumarkaði eru sem útbreiddust. Stéttarfélög sem semja á almennum markaði hafa aðkomu að slíkum málum fyrir hönd félagsmanna sinna er leita aðstoðar þeirra.

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi á Íslandi við að koma á laggirnar keðjuábyrgð við opinber innkaup og hefur haft ákvæði þess efnis í reglum sínum sem og útboðsgögnum áður en kom til lögfestingar á keðjuábyrgð í 88. gr. a laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, sbr. lög nr. 37/2019. Keðjuábyrgð í opinberum innkaupum hefur þannig verið í stöðugri þróun undanfarin ár og nú síðast var gerð sú breyting á ákvæðinu um keðjuábyrgðina með 14. gr. laga nr. 64/2024 sem jók möguleika opinberra aðila sem kaupenda að fá upplýsingar frá undirverktökum og starfsmannaleigum í því skyni að greiða út sem svarar vangoldnum launatengdum greiðslum á kostnað aðalverktaka. Innkaupa- og framkvæmdaráð telur það vera í anda þeirrar lagabreytingar að koma á virku samráði og samvinnu Reykjavíkurborgar við verkalýðshreyfinguna, meðal annars svo að Reykjavíkurborg fái upplýsingar um möguleg vinnuréttar- og kjarasamningsbrot gagnvart félagsfólki verkalýðsfélaga í samningum Reykjavíkurborgar og geti þá brugðist tímanlega við þeim með viðeigandi hætti. Í gildandi kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Eflingu er ákvæði um upplýsingaskyldu um verktakasamninga, grein 14.9, sem unnt er að gefa farveg í þessu starfi samhliða.

Innkaupa- og framkvæmdaráð telur rétt að vettvangurinn verði skipaður tveimur fulltrúum frá Reykjavíkurborg og jafn mörgum frá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar. Í þeim tilgangi að gefa fullnægjandi umsögn um ákjósanlega útfærslu á samstarfshópi sem svarar anda tillögunnar leitaði starfsfólk fjármálaþjónustu og ráðgjafar ásamt formanni innkaupa- og framkvæmdaráðs til starfsmanna þeirra sviða sem koma að útboðum og samningseftirliti hjá borginni ásamt helstu hlutaðeigandi fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Var niðurstaðan úr því samráði að samstarfsvettvangurinn væri tilvalinn til þess að aðilar skiptust á upplýsingum og gætu í kjölfarið hvor um sig gripið til þeirra aðgerða sem þeim standa til boða. Einnig að samvinna um vinnustaðaeftirlit yrði til mikils gagns fyrir báða aðila og myndi það einnig auðvelda borginni að sinna virku samningseftirliti. Þótti aðilum nóg að hópurninn fundaði ársfjórðungslega.

Í ljósi þessa telur innkaupa- og framkvæmdaráð að hópurninn væri best skipaður fulltrúum annars vegar frá skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar sem hefði innsýn í útboð og virka





samninga, og starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs sem hefur umsjón með vinnustaðaeftirliti á vegum borgarinnar. Tillaga Innkaupa- og framkvæmdaráðs er því að skipa Höllu Björgu Evans lögfræðing og ritara ráðsins og Ámunda V. Brynjólfsson skrifstofustjóra. Þá er lagt til að Halla Björg Evans verði formaður samstarfshópsins. Tillaga verkalýðshreyfingarinnar er að skipa Karen Ósk Nielsen Björnsdóttur af lögfræði- og vinnumarkaðssviði ASÍ, og Kristjönu Fenger, verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits ASÍ, sem báðar eiga sæti í slíkum samráðshópum með hinu opinbera, fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar. Með því móti væri fólk í hópnum sem býr yfir miklu trausti hreyfingarinnar til verksins og þeirri þekkingu sem til stæði að deila.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir fastafulltrúum ASÍ, þarf að gæta þess að fulltrúar einstakra verkalýðsfélaga geti óskað áheyrnar hópsins og komið á framfæri við hann upplýsingum eða gögnum. Fulltrúar Reykjavíkurborgar og ASÍ geta þá eftir þörfum boðið öðru starfsfólki Reykjavíkurborgar sem og starfsfólki einstakra stéttarfélaganna á fund við hópinn óháð því hvort þau séu aðilar að ASÍ eða ekki.

Virðingarfyllst,
Andrea Jóhanna Helgadóttir, *formaður*
f.h. innkaupa- og framkvæmdaráðs



Borgarráð

Reykjavík, 3. október 2024
MSS24090173

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 30.9.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis

Lögd fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalýðshreyfingunni sem hittist með reglulegu millibili, til dæmis mánaðarlega. Tilgangur hans væri að vinna saman gegn því að komist sé upp með brot gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem borgin kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðiskeðjunni. Hann væri skipaður fulltrúum þeirra stéttarfélaganna sem semja um þau störf sem um ræðir, eða í þeim tilfellum sem félögin sjálf óska eftir því, heildarsamtaka sem félag veitir umboð til setu á fundum fyrir þeirra hönd. Skrifstofu borgarstjórnar væri falið að tilnefna fulltrúa Reykjavíkurborgar í samstarfið.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar borgarráðs.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg hefur lengi beitt sér fyrir því að koma í veg fyrir misnotkun á vinnuafli. Í innkaupareglum Reykjavíkur er ákvæði um keðjuábyrgð og ákvæði um sektarúrræði og möguleika á riftun samnings ef aðalverktaki bregst ekki við tilkalli um skil á gögnum eða upplýsingum er varðar hvort starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar sem og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs sinnir eftirliti í ákveðnum málaflokkum, m.a. heilbrigðiseftirliti, eftirliti á vegum byggingarfulltrúa og eftirliti vegna leyfisveitinga og framkvæmda í borgarlanlandi. Við teljum okkur standa framarlega varðandi þessi mál og viljum því vísa tillögu um aukið samráð til borgarráðs til meðferðar.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Vinstri grænna tekur undir áhyggjur tillöguflýtyjanda af vinnumannum og brotum á réttindum verkafólks í samfélaginu og vill að tryggt sé að slík vinnubrögð líðist aldrei hjá verktökum eða undirverktökum sem vinna fyrir Reykjavíkurborg. Keðjuábyrgð var tekin upp hjá Reykjavíkurborg m.a. fyrir áeggjan Vinstri grænna á sínum tíma og afar mikilvægt er að grannt sé fylgst með framkvæmd hennar.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalýðshreyfingunni sem hittist með reglulegu millibili, til dæmis mánaðarlega. Tilgangur hans væri að vinna saman gegn því að komist sé upp með brot gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem borgin kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðiskeðjunni. Hann væri skipaður fulltrúum þeirra stéttarfélaga sem semja um þau störf sem um ræðir, eða í þeim tilfellum sem félögin sjálf óska eftir því, heildarsamtaka sem félag veitir umboð til setu á fundum fyrir þeirra hönd. Skrifstofu borgastjórnar væri falið að tilnefna fulltrúa Reykjavíkurborgar í samstarfið.

Greinargerð

Brot á vinnumarkaði eru útbreidd í ýmsum starfsgreinum, en umfang þeirra er enn nokkuð órætt og erfitt hefur reynst að ná utan um umfangið og vinna skipulega gegn þeim. Opinberir aðilar eru berskjaldaðir fyrir því að styðja við brot gegn vinnuafli þar sem þau eru fyrst og fremst kostnaðar-/hagnaðardrífir, en rík skylda er á hinu opinbera að taka lögstu tilboðum í verk. Má ganga að því sem vísu að líkur á brotastarfsemi séu yfir meðallagi í tilfelli lögstu tilboða.

Með tilkomu laga um keðjuábyrgð færðist ríkari ábyrgð á hið opinbera sem verkkaupa en þó hafa opinberir aðilar oft litla yfirsýn neðar í keðjuna. Sömuleiðis hefur reynst erfitt fyrir stéttarfélögin að hafa eftirlit með því sjálf hvort félagsmaður sem til þeirra leitar vegna kjarasamningsbrota sé staddur í keðju sem opinber aðili á að bera ábyrgð á samkvæmt lögum um keðjuábyrgð, og tilkynna brotin til og virkja þann aðila ef ástæða þykir til þess.

Því er það tillaga sósíalista að höfðu samráði við starfsfólk lögfræði- og vinnumarkaðssviðs Alþýðusambandsins og fleiri aðila verkalýðshreyfingarinnar að Reykjavíkurborg stofni vettvang þar sem getur átt sér stað reglubundið samtal, upplýsingamiðlun og samvinna um mótun ferla sem myndu stuðla að betra eftirliti með því að launafólk sé ekki hlunnfarið í viðskiptum Reykjavíkurborgar.



Viðtakandi:Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 25. nóvember 2024

MSS24090173

UMSÖGN

Umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi tillögu um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis á fundi borgarstjórnar 1. október sl.:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalýðshreyfingunni sem hittist með reglulegu millibili, til dæmis mánaðarlega. Tilgangur hans væri að vinna saman gegn því að komist sé upp með brot gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem borgin kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðiskeðjunni. Hann væri skipaður fulltrúum þeirra stéttarfélaga sem semja um þau störf sem um ræðir, eða í þeim tilfellum sem félögin sjálf óska eftir því, heildarsamtaka sem félag veitir umboð til setu á fundum fyrir þeirra hönd. Skrifstofu borgastjórnar væri falið að tilnefna fulltrúa Reykjavíkurborgar í samstarfið.

Greinargerð

Brot á vinnumarkaði eru útbreidd í ýmsum starfsgreinum, en umfang þeirra er enn nokkuð órætt og erfitt hefur reynst að ná utan um umfangið og vinna skipulega gegn þeim. Opinberir aðilar eru berskjaldaðir fyrir því að styðja við brot gegn vinnuafli þar sem þau eru fyrst og fremst kostnaðar-/hagnaðardrifin, en rík skylda er á hinu opinbera að taka lægstu tilboðum í verk. Má ganga að því sem vísu að líkur á brotastarfsemi séu yfir meðallagi í tilfelli lægstu tilboða.

Með tilkomu laga um keðjuábyrgð færðist ríkari ábyrgð á hið opinbera sem verkkaupa en þó hafa opinberir aðilar oft litla yfirsýn neðar í keðjuna. Sömuleiðis hefur reynst erfitt fyrir stéttarfélögin að hafa eftirlit með því sjálf hvort félagsmaður sem til þeirra leitar vegna kjarasamningsbrota sé staddur í keðju sem opinber aðili á að bera ábyrgð á samkvæmt lögum um keðjuábyrgð, og tilkynna brotin til og virkja þann aðila ef ástæða þykir til þess. Því er það tillaga sósíalista að höfðu samráði við starfsfólk lögfræði- og vinnumarkaðssviðs Alþýðusambandsins og fleiri aðila verkalýðshreyfingarinnar að Reykjavíkurborg stofni vettvang þar sem getur átt sér stað reglubundið samtal, upplýsingamiðlun og samvinna um mótun ferla sem myndu stuðla að betra eftirliti með því að launafólk sé ekki hlunnfarið í viðskiptum Reykjavíkurborgar.



Reykjavík



Umsögn

Óskað var eftir umsögn mannauðs- og starfsumhverfissviðs 16. október sl.:

Eins og fram kemur í tillögunni eru ákvæði í löggjöf hér á landi sem ætlað er að sporna við misnotkun á vinnuafli í opinberum innkaupum og vinna gegn félagslegum undirboðum, sbr. ákvæði gr. 88. a í lögum nr. 120/2016, um opinber innkaup, sem kom nýtt inn löggjöfina árið 2020, sbr. lög nr. 37/2019. Er þar lögð sú skylda lögð á aðalverktaka að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem eru starfsmenn hans, undirverktakar eða starfsmannaleigur, sem koma að framkvæmd verksamnings, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög.

Ofangreint lagaákvæði um keðjuábyrgð gildir aðeins ef um verksamning er að ræða að undangengnu útboði samkvæmt lögum um opinber innkaup. Opinberum aðilum, s.s. Reykjavíkurborg, ber sem kaupanda skylda til að gera grein fyrir ábyrgð aðalverktaka í útboðsgögnum.

Mikilvægt er, ef slíkum samvinnuvettvangi verður komið á fót, að verklag verði skýrt sem og hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem að honum koma. Þá verði gætt að því að verklag og hlutverk þessa samvinnuvettvangs verði í takt við gildandi lagaumhverfi og tekið mið af hlutverki annarra aðila. Mikilvægur þáttur í skýru vinnulagi myndi byggjast á greiningu á því hvenær sé rétt að bregðast við af hálfu Reykjavíkurborgar og hvenær af hálfu annarra opinberra aðila, s.s. Vinnueftirlitsins. Tryggja þarf að þeir aðilar sem sinna eftirliti á vettvangi borgarinnar og eru sérfræðingar í öryggi á framkvæmdasvæðum og í mannvirkjagerð eða sérfræðingar í hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnaeftirliti hafi skilgreindan vettvang til að koma á framfæri ábendingum. Þá er einnig rétt að benda á mikilvægi fræðslu og þjálfunar fyrir þá sem koma að þessum málum.

Rétt er að fram komi að af hálfu Reykjavíkurborgar er lægsta tilboði ekki alltaf tekið heldur besta tilboði og því fleira sem kemur inn í mat á því hvaða tilboði skuli tekið heldur en verð, en þær upplýsingar sem fjallað er um í tillögunni eru mikilvægar við ákvörðun um það hvað telst besta tilboð.

MOS telur brýnt að umbætur verði gerðar í þessum málum og lítur það jákvæðum augum að komið verði á fót samvinnuvettvangi eins og þeim sem tillagan gerir ráð fyrir til að vinna gegn misnotkun á vinnuafli þannig að sem best verði tryggt að slíkt eigi sér ekki stað á vettvangi borgarinnar. Af hálfu sviðsins er litið svo á að Reykjavíkurborg muni þannig enn frekar leggja sitt af mörkum til að tryggja að starfsfólk sem starfar á vettvangi borgarinnar fái laun og réttindi samkvæmt gildandi kjarasamningi og löggjöf enda þótt það teljist ekki til starfsfólks borgarinnar sem slíkt.

Loks er rétt að gera grein fyrir að málefni þetta kemur venjulega ekki til kasta MOS heldur heyrir það undir umhverfis- og skipulagssvið. Af hálfu MOS var því haft samráð við USK við gerð þessarar umsagnar. MOS er reiðubúið að koma að vinnu samráðsvettvangs verði honum komið á fót eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllt,
Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs